

## LÖG

um breyting á tollalögum, nr. 88/2005, lögum nr. 97/1987,  
um vörugjald, og lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt,  
með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### I. KAFLI Breyting á tollalögum, nr. 88/2005.

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, III, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 122. gr. laganna skal fyrirkomulag gjalddaga aðflutningsgjalda, hjá aðilum sem njóta greiðslufresta á aðflutningsgjöldum, vegna uppgjörstímabila á árinu 2009 vera sem hér segir:

1. Priðjungi af aðflutningsgjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 122. gr., skal skila eigi síðar en á 15. degi næsta mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.
2. Priðjungi af aðflutningsgjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 122. gr., skal skila eigi síðar en á 15. degi annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.
3. Priðjungi af aðflutningsgjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 122. gr., skal skila eigi síðar en á 5. degi þriðja mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.

### II. KAFLI Breyting á lögum nr. 97/1987, um vörugjald.

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. laganna skal fyrirkomulag gjalddaga vörugjalds, hjá aðilum sem skráðir eru skv. 2. mgr. 4. gr., vegna uppgjörstímabila á árinu 2009 vera sem hér segir:

1. Helmingi af vörugjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 9. gr., skal skila eigi síðar en á 28. degi annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.
2. Helmingi af vörugjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 9. gr., skal skila eigi síðar en á 28. degi þriðja mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.

Nr. 17

19. mars 2009

III. KAFLI

**Breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.**

3. gr.

Við löginn bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði VII. kafla og 7. mgr. 20. gr. er á gjalddaga virðisaukaskatts vegna reglubundinna uppgjörstímabila á árinu 2009, sbr. 1. mgr. 24. gr., heimilt að færa til innskatts á virðisaukaskattsskýrslu allan virðisaukaskatt vegna viðkomandi uppgjörstímabils, þótt einungis hluta af gjaldföllnum virðisaukaskatti hafi á þeim tíma verið skilað, sbr. ákvæði til bráðabirgða III í tollalögum, nr. 88/2005.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 15. mars 2009.

*Gjört í Reykjavík, 19. mars 2009.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Steingrímur J. Sigfússon.*

---

A-deild – Útgáfud.: 19. mars 2009